



Póst- og fjarskiptastofnun  
b/t Friðriks Péturssonar  
Suðurlandsbraut 4, 2.h,  
108 Reykjavík

Reykjavík, 22 janúar 2020

**Málefni: Gjaldskrár Íslandspósts ohf. innan alþjónustu**

Í bréfi sem Íslandspósti (hér eftir ÍSP) barst frá Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) 23. desember sl. var óskað eftir rökstuðningi fyrir þeim breytingum á verðskrá fyrirtækisins sem tilkynntar voru PFS með tölvupósti 16. Desember sl. vegna vara sem falla undir alþjónustu.

Tilkynningu um verðskrárbreytingar var skipt upp í „Bréfapóstur innanlands“ og „Pakkar innanlands“ og er það gert í samræmi við framsetningu verðskrár eru hjá ÍSP.

***Bréfapóstur innanlands***

Rekjanleg bréf innanlands hækka um 3% 1.1. 2020 sem er í takt við breytingar á meðatali vísitölu neysluverðs milli árana 2018 og 2019. Vöruflokkurinn hefur verið neikvæða afkomu og er verið að vinna gegn því með hækkuninni.

***Pakkar innanlands***

Þann 1. janúar 2020 tóku gildi lög um pósthjónustu nr. 98/2019 og var sú breyting gerð að pakkar innanlands innan alþjónustu verður 0 – 10 kg í staðinn fyrir 0 – 20 kg. Einnig skal gjaldskrá fyrir alþjónustu vera sama um allt land. Gjaldskrá fyrir pakka innanlands breyttist því 1.1.2020 mt.t. til þessa atriða og miðast við verð fyrir svæði 1 í gildandi gjaldskrá með 3% hækkun í takt við breytingar á meðatali vísitölu neysluverðs milli árana 2018 og 2019.

Svo sem framangreindar hækkunir bera með sér, er í báðum tilfellum brugðist við hækkun vísitölu neysluverðs. Verðskráin sem birt er fyrir árið 2020 tekur mið af verðskrá fyrra árs enda er hún áreiðanlegasta og nærtækasta fordæmi um kostnað og tekjur í póstrekestri á Íslandi.

Markmið Íslandspósts með nýrri verðskrá er því að viðhalda raunverði að svo stöddu, að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir skv. lögum 98/2019. Sem að framan segir tóku þau lög gildi 1. janúar 2020. Því munu rauntölur úr rekstri undir nýjum lögum, eðli máls samkvæmt, ekki liggja fyrir fyrir en eitt reikningsár hefur liðið. Þá er möguleg áhrif á neysluhegðan viðskiptavina undir nýju laga- og reglugerðarumhverfi breyta sem ekki er hægt að sjá fyrir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

  
Ragnheiður Gunnarsdóttir

Hjálagt

1. Fylgiskjal 1: Verðskrá fyrir Bréfapóst innanlands
2. Fylgiskjal 2: Verðskrá fyrir Pakka innanlands